

Auglýsing þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og 116. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Gildir hún við staðgreiðslu frá og með 1. júní 1996.

Reykjavík 12. júní 1996.

Snorri Olsen ríkisskattstjóri.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 593/1993 um málsmeðferð og valdsvið
eftirlitsstofnunar EFTA á sviði samkeppni samkvæmt
samningum um Evrópska efnahagssvæðið.**

1. gr.

Á eftir 1. gr. bætist við ný grein, 1. gr. a, sem orðast svo:

Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 3/94 frá 8. febrúar 1994 skal eftirtalin EB-gerð öðlast gildi hér á landi, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af bókun 21 (um framkvæmd samkeppnisreglna sem gilda um fyrirtæki), bókun 1 (um altæka aðlögun) og öðrum ákvæðum samningsins:

- reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2410/92 frá 23. júlí 1992 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3975/87 sem setur reglur um beitingu samkeppnisreglna gagnvart fyrirtækjum á sviði flutninga í lofti.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 48. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, öðlast þegar gildi.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar og EB-gerðin, sem fela í sér breytingu á bókun 21 við EES-samninginn og snerta framkvæmd 53.-54. gr. hans, eru birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 1, 30.3.1994, bls. 5 (ákvörðunin), og nr. 34, 15.9.1994, bls. 1 (EB-gerðin).

Viðskiptaráðuneytinu, 14. júní 1996.

Finnur Ingólfsson.

Jón Ögmundur Þormóðsson.

REGLUGERÐ

fyrir Lífeyrissjóð Tannlæknafélags Íslands.

1. gr.

Nafn og heimili.

Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.